

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi
starfsskýrsla skólaárið 2010-2011

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður safnsins og Steinunn Óskarsdóttir. Stöðugildi við safnið eru tvö.

Á haustönn kom Telma Þöll Þorbjörnsdóttir, nemandi við skólann, eina kennslustund í viku og aðstoðaði við ýmis tilfallandi verkefni á safninu.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og á föstudögum 8:00-15.30. Opnunartími er 41.5 klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 15:25.

Útlán:

Útlán eru aðallega færð í Gegni, en þó eru útlán á því safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegni handfærð í sérstaka bók. Í afgreiðslunni er einnig bók sem lánþegar geta skráð útlán sín í þegar starfsmenn eru fjarri, t.d. hafa kennarar nýtt sér þennan möguleika yfir sumartímamann. Lán innan skólans, þ.e. skammtímalán á orðabókum og kennslubókum eru handfærð og talin eftir hvern dag. Almenna reglan er að lána ekki út tímarit, nema í tengslum við verkefnavinnu nemenda og til kennara.

Stundum er safnefni sett á svokallað 'bundið lán'. Þá er safnefni lánað út á viðkomandi kennslustofu, en gjarnan staðsett í gryfjunni og gert er ráð fyrir að nemendur vinni að verkefnum á safninu, ýmist í kennslustundum eða í eyðum. Með þessu móti er unnt að tryggja aðgang nemenda að heimildum og mikilvægt er að kennarar láti vita af væntanlegri verkefnavinnu með góðum fyrirvara.

<u>ÚTLÁN:</u>	<u>HAUST 2010</u>	<u>VOR 2011</u>	<u>SAMTALS:</u>
Í GEGNI	1247	1172	2419
Í BÓK	210	285	495
INNAN SKÓLANS	4735	4398	9133
<u>SAMTALS:</u>	6192	5855	12047

Útlánnum hefur fjölgað talsvert frá fyrra skólaári en þá voru þau 11105 en eru nú 12047. Fyrir tveimur árum voru þau 12006 þannig að greinilegt er að fjöldi útlána sveiflast nokkuð á milli ára. Nú í ár felst skýringin aðallega í aukningu á útlánnum innan skólans, þ.e. á kennslubókum og orðabókum. Það er alltaf ánægjulegt þegar hægt er að sýna hærri útlánatölur en á fyrra ári!

Útlán í tölvu eru nú 2419 en voru í fyrra 2487. Útlán í bók eru 495 en í fyrra voru þau 541 og lán innan skólans eru nú 9133 en tala þeirra á fyrra skólaári voru 8077.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 109 á skólaárinu. Mest er leitað til Bókasafns Árborgar og Skólaskrifstofu Suðurlands en einnig töluvert til annarra safna á landinu.

<u>Millisafnalán frá:</u>	<u>Haustönn 2010</u>	<u>Vorönn 2011</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur frá söfnum	48	14	62
Myndbönd og mynddiskar frá söfnum	18	17	35
Hljóðbækur	1		1
SAMTALS:	67	31	98

<u>Millisafnalán til:</u>	<u>Haustönn 2010</u>	<u>Vorönn 2011</u>	<u>SAMTALS:</u>
Bækur til safna	1	8	9
Myndbönd og mynddiskar til safna	2		2
SAMTALS:	3	8	11

Samstarf við önnur söfn:

Mikið samstarf er við önnur bókasafn á Suðurlandi, mest þó við Bókasafn Árborgar. Töluvert er fengið að láni frá þeim í millisafnalánum og samráð haft um ýmis mál.

Forstöðumaður hefur starfað náið með nokkrum bókavörðum á Suðurlandi við útgáfu Lestrardagbókar. Upphaf þessa samstarfs má rekja til undirbúnings við landsfund Upplýsingar sem haldinn var á Selfossi haustið 2006. Þá kom bókin út í fyrsta skipti og var gefin til landsfundargesta og svo seld til annarra bókasafna. Þegar upplagið þraut var ákveðið að ráðast í endurútgáfu og sótt um styrk til Menningarráðs Suðurlands sem styrkti útgáfuna með myndarlegum hætti. Ákvörðun var tekin um að dreifa bókinni í þrjú ár til skól barna í 7. bekk í grunnskólum á Suðurlandi, þ.e. í Árnes-, Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og var það gert haustið 2009 og 2010. Næsta haust lýkur verkefniinu formlega þegar lestrardagbókin verður send út í síðasta skipti. Vonandi verður framhald á þessu verkefni sem er ætlað að hvetja til lesturs nemenda og styðja við íslenskukennslu. Bókin hefur einnig verið seld til bókasafna víða um land á hóflegu verði.

Bókasafnið tók þátt í bókasafnsdeginum sem haldinn var 14. apríl sl. í fyrsta sinn. Upplýsing, félags bókasafns- og upplýsingafræða hleypti þessari nýbreytni af stokkunum í samstarfi við bókasöfn á Íslandi. Tilgangur dagsins var að vekja athygli á mikilvægi bókasafna fyrir þjóðfélagið. Bókasöfn gegna veigamiklu hlutverki sem miðstöðvar fræðslu og þekkingar og veita aðstoð við upplýsingaöflun og gagnaleitir. Sett var upp sýning í stiga Jónasar á íslenskum ljóðum sem fjalla um páskana sem átti vel við í aðdraganda þessara hátíðar.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hverrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin geta þá tekið frá bækur og sett þær á skemmri útlánstíma.

Bókasöfn á Suðurlandi eru með sameiginlegan póstlista fyrir stjórnunareininguna SUD50 í Gegni. Sá póstlisti var stofnaður haustið 2008 og á honum eru söfn allt frá Reykjanesi og austur á Höfn í Hornafirði. Hann er mismikið notaður en engu að síður mikilvægur vettvangur.

Bókasöfn framhaldsskólanna starfa mikið saman og hafa samráð um ýmis hagsmunamál. Fundir eru haldnir þrisvar til fjórum sinnum á skólaárinu og þess á milli fara fram virk skoðanaskipti á póstlistanum frh-bok.

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, bókasafnskerfi sem hýsir samskrá íslenskra bókasafna. Vorið 2006 voru bókfræðifærslur úr Metrabók, gamla bókasafnskerfinu færðar yfir í Gegni. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í Metrabók og tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem er lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna.

Síðastliðin fimm ára hafa Metrabókarsöfnin sem fóru í sameiginlega yfirlærslu sumarið 2006 haft samvinnu við að fara yfir færslurnar, lagfæra þær eftir þörfum og flytja þær í aðalgrunninn.

Í júní 2011 eru 2.267 færslur frá bókasafni FSu í hliðargrunninum en voru 3.198 fyrir ári síðan, smám saman saxast á verkið. Unnið er að yfirlærslunni samhliða öðrum verkum á safninu en þetta er tímafrek vinna og krefst nákvæmni. Bókfræðifærslunum í umræddum hliðargrunni má skipta í tvo hluta. Í fyrsta lagi færslur sem eiga sér samsvörun í aðalgrunni Gegnis, en tókst ekki að færa yfir. Aðferðin við að færa þannig færslur yfir er að hliðargrunnsfærslan er afrituð og límd yfir í færsluna í aðalgrunninum og allar eintakaupplýsingar fylgja með. Í öðru lagi eru færslur sem eiga sér enga samsvörun í Gegni, þær þarf að yfirfara og leiðrétta eftir þörfum, athuga hvort þær séu ekki í réttum skráningarsviðum o.s.frv. áður en hægt er færa þær yfir. Allar upplýsingar um eintakastöðu, þ.e. strikamerki og staðsetningu fylgja færslunni yfir í aðalgrunninn.

Við lauslega athugun kemur í ljós að bókasafn FSu hefur tengt eintök sín við 12.380 skráningarfærslur í Gegni.

Allt nýtt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni að undanskildum kvikmyndum sem eru skráðar í Metrabók og upplýsingar eru einnig settar inn á heimasíðu safnsins. Metrabókin er opin á heimasíðu bókasafnsins og verður það vonandi nokkur ár í viðbót.

Á árinu 2010 greiddi skólinn kr. 358.440 við þátttöku í Gegni eða kr. 29.870 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins, en fær virðisauka endurgreiddan.

Gagnasöfn:

Íslendingar hafa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefsíðunni <http://www.hvar.is>. Þar er aðgangur að fullum texta greina úr fleiri en 14.000 tímaritum auk útdráttá úr greinum úr yfir 6.000 tímaritum, 12 gagnasöfnum, fullum texta yfir 10.000 greiningarskýrslna og 500 rafræna bókanna.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn, á árinu 2010 greiddi FSu kr. 73.271. Greitt er fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum:

Britannica Online, Ebsco Host, Grove Art, Grove Music, Greinasafn Morgunblaðsins (nema síðustu þrjú ár hverju sinni), ProQuest Central og Web of Science - ISI.

Í landsaðganginum er boðið upp aðgengi að Gagnasafni Morgunblaðsins að undanskildu efni síðustu þriggja ára. Frá árinu 2004 hefur verið í gildi samningur milli bókasafna framhaldsskólanna og Morgunblaðsins varðandi aðgang að öllu greinasafninu og þá einnig efni þriggja síðustu ára. Þannig greiddi FSu kr. 4.980 á mánuði (nú mánuði á ári) fyrir opinn aðgang í öllum tölvum skólans með lénsáskrift í gegnum IP-tölu, auk pappírseintaks af Morgunblaðinu. Síðastliðið haust barst nýtt tilboð frá Morgunblaðinu til skólans sem hljóðaði upp á áskrift að blaði dagsins á netinu í gegnum IP-tölu skólans, ótakmarkaðan aðgang að greinasafni sem nú er opið í 12 mánuði en einungis greitt fyrir níu mánuði. Áður þurfti að óska eftir lokun á greinasafninu á sumrin. Fyrir þetta greiðir skólinn kr. 4.000 á mánuði, níu mánuði ársins.

Doktor.is, gagnasafn um heilbrigðismál og sjúkdóma hefur verið opið á tölvuneti skólans.

Orðabækur á netinu hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og eru mikið notaðar, bæði af nemendum og kennurum. Menntamálaráðuneytið greiddi fyrir aðgang allra framhaldsskóla á landinu að orðabókum Snöru árið 2010. Um síðustu áramót lá hins vegar ekkert fyrir um að ráðuneytið myndi halda áfram að greiða aðganginn fyrir framhaldsskólana. Forsvarsmenn Snöru sendu hverjum skóla fyrir sig tilboð í byrjun ársins og fékk FSu tilboð upp á kr. 50.000,- m.vsk. fyrir tímabilið frá 1. janúar til 1. júlí 2011. Ákveðið var að ganga að þessu tilboði.

Safnkennsla:

Nýnemadagur var haldinn í fyrsta skipti í upphafi haustannar 20. ágúst. Þann dag komu aðeins nýnemar í skólann og fengu þeir allsherjar kynningu á innviðum skólans. Starfsmenn bókasafns tóku á móti sjö hópum nýnema og kynntu fyrir þeim þjónustu bókasafnsins í aðalatriðum. Almenn ánægja var með þessa nýbreytni, nýnemahópurinn sl. haust var að mörgu leyti fljótari að tileinka sér ýmsa þætti í skólastarfinu og núna vissu vonandi flestir hvaða þjónustu bókasafnið gæti veitt þeim.

Nemendur í LKN 106 fá safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (75 mín.) og er stutt kynning á safninu og safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Kenndar eru leitir í ýmsum gagnasöfnum, svo sem í Gegni, Greinasafni Morgunblaðsins og einnig leitir í Google. Í lok tímans vinna nemendur verkefni á bókasafni sem miðar að því að þjálf þá í að leita í Gegni að safngögnum og finna út staðsetningu þeirra á safninu.

Einnig er haldnar safnkynningar fyrir nemendur í NÁT 123, þar er megináhersla lögð á að kynna nemendum ýmis gagnasöfn, erlend og innlend, sem nýtast þeim í náminu. Gegnir er alltaf efstur á blaði í þessum kynningum en auk hans fengu nemendur kynningu á Vísindavefnum, Timarit.is, Landbunadur.is, Britannicu, Ebsco Host og Google Scholar. Nemendur vinna svo verkefni í heimildaöflun sem gildir til einkunnar. Á liðnum vetri var lögð aukin áhersla á tímasetninguna á þessari kynningu, þ.e. að halda hana í kjölfar innlagnar hjá kennurum. Það skilar mun betri árangri og nemendur eru mun móttækilegri.

Stuttar kynningar eru fyrir nemendur í ÍSL 212 og ÍSL 203 áður en þeir hefjast handa við smíði heimildaritgerðar. Í mörg ár hafa nemendur fengið greinar úr íslenskum

tímaritum sem hafa þá verið grunnur að heimildaritgerð og heimildaleitin hefur þá tekið mið af efni greinanna. Það gat verið mjög fjölbreytt, allt frá rafsegulmengun til lífs á öðrum hnöttum svo dæmi séu tekin. Á síðasta skólaári ventu íslenskukennarar kvæði sínu í kross og lögðu fyrir ritgerðarverkefni sem tengdust víkingum á einn eða annan hátt. Ýmsar heimildir sem tengdust þessu viðfangsefni voru settar á bundið lán sem hjálpuðu nemendum svolítið að komast af stað og í kjölfar safnkynningar fengu nemendur aðstoð við heimildaleitir á safninu.

Skráning:

Skráning safnkosts og frágangur hans er mikilvægur liður í starfi safnsins. Mikil áhersla er lögð á að skrá nýtt safnefni eins fljótt og hægt er. Eldra safnefni er skráð eftir því sem tími vinnst til svo og bókagjafir frá ýmsum aðilum.

Vorið 2010 var send beiðni til Landskerfis um að stofna safndeildir í Gegni fyrir bókasafn FSu. Í eldra bókasafnskerfinu, Metrabók, höfðu deildarskád eintök verið merkt í fjórða marktákn og færðust þannig yfir í Gegni. Marktákn voru því oft á tíðum ansi ruglingsleg á safnefninu. Þetta þarfnaðist úrbóta og því var óskað eftir að stofnaðar yrðu safndeildir í Gegni. Safnefni sem var skráð í Metrabók í textíldeild var þannig merkt FAT en í Gegni heitir deildin FATTE, Fata- og textílgreinar. Nú kemur því skýrt fram í Gegni hvar deildarskráð eintök eru staðsett og notendur þurfa ekki lengur að átta sig á furðulegum skammstöfunum.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 50 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Einnig á safnið mörg eldri tímarit sem hætt hefur verið útgáfu á. Eldri tímaritin eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins.

Öll tímarit í eigu safnsins voru tölvuskráð í Metrabók en í ársbyrjun 2009 var byrjað að skrá aðföng tímarita í Gegni. Nú í vor var unnið við að uppfæra lista yfir tímaritaeignina og hefur verið skráð inn á hann frá hvaða tímabili safnið á tiltekin tímarit.

Aðföng og skráning 2010-2011:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2010</u>	<u>Vorönn 2011</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	143	271	414
Myndbönd		1	1
Mynddiskar (DVD)	11	8	19
Margmiðl.diskar	2	2	4
Hljóðbækur	4	9	13
Spil/leikjakassar	6	1	7
<u>SAMTALS</u>	<u>166</u>	<u>292</u>	<u>458</u>

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Júní 2010</u>	<u>Afskrifað 2010-2011</u>	<u>Aðföng 2010-2011</u>	<u>Júní 2011</u>
<u>BÆKUR</u>	15.886	290	414	16.010
<u>MYNDBÖND</u>	420	8	1	413
<u>DVD</u>	323		19	342
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	155			155
<u>SNÆLDUR</u>	208	6		202
<u>MARGM.DISKAR</u>	90	16	4	78
<u>TÖLVUDISKL.</u>	1			1
<u>SKYGGNUR</u>	13			13
<u>FORRIT</u>	8			8
<u>GLÆRUR</u>	22	1		21
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	18		7	25
<u>GAGNASETT</u>	1			1
<u>KORT</u>	24	3		21
<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	104		13	117
<u>SAMTALS</u>	<u>17.403</u>	<u>324</u>	<u>458</u>	<u>17.537</u>

Gjafir:

Veturinn 2010-2011 bárust bókasafninu margar nytsamar gjafir frá einstaklingum, stofnunum og félagasamtökum. Þýska sendiráðið færði skólanum gott safn bóka á ýmsum fræðisviðum og Anna S. Árnadóttir, spænskukennari við skólann, gaf spænskar bækur.

Alls voru skráðar 147 bækur, sex mynddiskar, þrjár hljóðbækur, eitt borðspil og 1 myndband. Alls telja gjafir um 1/3 af aðföngum safnsins sl. vetur. Mikilvægt er að tekið sé við gjöfum án kvaða og safnið ráðstafi þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Rekstrarkostnaður 2010:

Bækur	418.738
Tímarit og blöð	207.655
Deildareintök	41.568
Myndefni	13.036
Borðspil	20.763
Margmiðlunarefni	5.750
Kostnaður vegna Gagnis, landskerfis bókasafna	358.440
Gagnasöfn (Landsaðgangur að gagnasöfnum)	73.271
Skúffuskápur	12.950
Ritföng, , bréfabindi, umbúðir um safnefni	12.387
Bókaplast	19.240
Leturborðar fyrir merkivél	11.797
Viðhaldskostnaður	9.324
Prentvörur (blekhylki)	6.723
Viðgerðarkostnaður á prentara	16.447
Leigugjald á kvikmynd	600
Þjónustugjöld fjármálastofnana	2.804
Opinber gjöld – sýslumaðurinn á Selfossi	2.698
Dráttarvextir	<u>6</u>
	1.234.197
Tekjur vegna ljósritunarvélar og fl.	<u>15.371</u>
Samtals	1.218.826

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 13 tölvur, skanni, skrifari, tveir litaprentarar (annar í kjallara), tveir laserprentarar, tvöfalt segulbandstæki til afritunar, segulbandstæki fyrir tungumálaverkefni, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert ljósritað blað.

Tölva í kjallaranum er ekki nettengd og er mest notuð við að skanna inn myndir og skjöl, auk útprentunar í lit. Notendur verða að því að vista skönnuð gögn á minnislykil

til að geta prentað út skjöl eða unnið áfram með þau. Þessi tölva er einnig með skrifara og DVD drifi. Nýr diktafóinn var keyptur á safnið og er töluvert notaður, mest þó við að lesa inn próf. Hann er með innbyggðu USB tengi og hægt að stinga honum í samband við næstu tölva og hlaða inn hljóðskránni. Þetta er mjög þægilegt, áður sáu bókaverðir um að afrita upptökur yfir á minnislykla sem þurfti svo að fara með í næstu fartölvu.

Litaprentari í afgreiðslu af gerðinni HP business inkjet 2300 bilaði snemma á haustönninni en hann hafði þjónað safninu síðan í febrúar 2005. Nýr prentari var ekki keyptur fyrr í janúar, HP Officejet 7000 Wide A3. Eins og heitið gefur til kynna er nú hægt að prenta út skjöl í stærðinni A3. Nemendur tóku því með ótrúlegu jafnaðargeði að geta ekki prentað út verkefni sín í lit en gleði þeirra varð mikil þegar sá möguleiki opnaðist aftur.

Alls eru ellefu tölur sem nemendur geta notað til heimildaöflunar og verkefnavinnu ef talin er með ónettengd tölva í kjallara. Fjórar tölur voru uppfærðar sumarið 2010, skipt um móðurborð, örgjörva, minni og harðan disk.

Nemendur koma mikið á safnið með sínar eigin fartölur og nota þær við verkefnavinnu. Aðstaða til að hlaða tölur er í öllum lesbásum á safninu. Áður var ekki hægt að hlaða tölur á efri hæðinni en það var bætt úr því við dúklagninguna sl. sumar.

Forstöðumaður er með fartölvu af gerðinni HP Compaq nx6325 með XP stýrikerfi, fékk hana til notkunar í desember 2006. Sú tölva er orðin hægvirkt og kominn tími á endurnýjun. Tölva í afgreiðslu af gerðinni ACE var tekin í notkun í apríl 2008.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsníðuð á sínum tíma.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettir litaprentari og laserprentari. Laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3005x er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er góð aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp sem aðallega inniheldur bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í þessu vinnurými eru einnig geymd myndbönd safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni og eru þær lánaðar til nemenda í skamman tíma. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu. Í kjallara er aðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni auk þess sem rúmgóð geymsla er undir geymsluskráð efni og eldri tímarit.

Síðastliðið sumar rættist langþráður draumur forstöðumanns. Skipt var um gólfefni og lagður línóleum dúkur á safnið í stað gólfteppis sem var illa farið og skemmt eftir langvarandi vatnsleka. Loftið á safninu hefur snarlagast og þunga ryklyktin horfin en hljóðvistin hefur aukist. Það verður ekki bæði sleppt og haldið en þessi breyting er tvímælalaust til batnaðar. Hins vegar hefur aðeins borið á vatnsleka þrátt fyrir að þakgluggar hafi verið þéttir sumarið 2009.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru hálfmánaðarlega. Einnig hefur hún verið hópstjóri ásamt fleirum við verkefnið 'Skólinn í okkar höndum' sem hófst haustið 2009. Þetta verkefni byggir á Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegu atferli. Það hefur þróast áfram og aukist, næsta haust verður hafist handa við Heilsuefandi framhaldsskóla með áherslu á næringu.

Forstöðumaður sótti landsfund Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða sem haldinn var í Stykkishólmi dagana 17.-18. september. Yfirskrift fundarins var upplýsingalæsi á 21. öldinni og voru flutt fróðleg erindi þar að lútandi frá starfsfólki háskóla- og framhaldsskólabókasafna. Einnig var rætt um hlutverk bókasafna í þjóðfélaginu, ný verkefni á bókasöfnum, fjölmenningu og markaðssetningu.

Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum voru fjórir talsins á skólaárinu. Þeir voru haldnir í Menntaskólanum við Sund 8. nóvember, í Tækniskólanum 17. desember, í Keili, Reykjanesbæ 14. febrúar og síðasti fundurinn var haldinn í Framhaldsskólanum á Laugum í Reykjadal 30. maí þegar samstarfshópurinn lagði land undir fót og heimsótti Norðurland. Þá var einnig farið til Húsavíkur og Framhaldsskólinn þar heimsóttur. Deginum eftir var varið í heimsóknir í Menntaskólann og Verkmenntaskólann á Akureyri, Menningarhúsið Hof og Amtsbókasafnið á Akureyri. Forstöðumaður sótti alla fundina, nema jólafundinn 17. desember en þann dag var brautskráning í FSu. Þetta samstarf bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum er mjög gagnlegt, á fundum er skipst á upplýsingum um hvað eina er varðar hag safnanna.

Elín sat málstofu sem haldin var í Reykjavík 8. febrúar fyrir bókasafns- og upplýsingafræðinga á vegum IFLA (International Federation of Library Associations and Institutions) og FAIFE (Freedom of Access to Information and Freedom of Expression) um gegnsæi og góða stjórnsýslu í baráttunni gegn spillingu eða á ensku, Transparency, good governance and the struggle against corruption. Umsjónarmaður og aðalfyrirlesari var dr. Paul Sturges, prófessor emeritus við Loughborough University í Bretlandi. Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarna mánuði um mikilvægi þess að standa vörð um frelsi allra þjóðfélagsþegna til upplýsinga og þann vanda sem getur orðið ef það er skert. Alþjóðasamtök bókasafna (IFLA) hafa lýst því yfir að þungamiðja ábyrgðar í starfi bókasafna og upplýsingamiðstöðva sé að styðja við og efla vitsmunalegt frelsi og veita óhindraðan aðgang að upplýsingum. Á málstofunni var fjallað um hlutverk bókasafna á þessu sviði og hvernig þau geta sinnt því.

Námskeið í SFX krækjakerfinu var hjá Landskerfum í Reykjavík 28. febrúar og fór forstöðumaður á það námskeið sem var haldið með þarfir almennings- og framhaldsskólasafna í huga. Markmið kynningarinnar er að kynna hvernig nota má SFX kerfið til að krækja í gögn í Landsaðgangi um rafræna gagnagrunna og tímarit. SFX er krækjakerfi (link solver) sem býr til krækju á efni í rafrænum aðgangi. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu fylgja upplýsingar um hvernig má nálgast það. SFX má einnig nota sem tímaritalista og til að setja fram leitarniðurstöður, til dæmis í samleitarkerfi. Hægt er að leita að tímaritum bæði eftir titlum þeirra og efni.

Á vormánuðum tók Elín við af Margréti Gísladóttur, bókasafni Grindavíkur, sem aðalfulltrúi fyrir stjórnunareininguna SUD50 í Alefli, notendafélagi Gegnis. Hún var jafnframt kosin í stjórn Aleflis á fulltrúafundi sem jafnframt er aðalfundur félagsins 27. maí.

Lokaorð:

Síðasta skólaár markaðist af fjárhag skólans, mikið aðhald var í öllum innkaupum og tímaritaáskriftum sagt upp. Þó er reynt að halda í áskriftir að íslenskum tímaritum sem koma notendum safnsins að gagni.

Reynt var að vinna við hliðargrunninn eftir því sem tími gafst til, vonir standa til að þeirri vinnu ljúki innan fárra ára og safnkosturinn verður þá allur skráður í Gegni.

Síðastliðinn vetur var safnið mikið notað af nemendum, þeir komu bæði til að leita sér heimilda og til að njóta næðis við lestur. Hópvinna fer gjarnan fram á safninu, bæði í gryfjunni og í kjallara þar sem er gott næði til að spjalla saman án þess að trufla aðra. Kennarar eru í góðu samstarfi og láta oftast vita af fyrirhuguðum verkefnum.

Mikilvægt er að hlúð verði að bókasafni skólans í því erfiða efnahagsástandi sem ríkir nú um þessar mundir og haldið verði áfram að byggja upp góðan safnkost og veita góða þjónustu sem styður við nám og kennslu.

Selfossi 2. júní 2011

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands